

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og eyðingu sorps í Hvalfjarðarsveit.**

1. gr.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar skal skv. 5. gr. samþykktar nr. 582/2008 um meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit, innheimta gjald fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs í sveitarfélaginu.

2. gr.

Sorphirðugjald árið 2010 er sem hér greinir:

Vegna sumarahúss (frístundahúss):	9.665 kr.
Vegna íbúðarhúsnæðis:	15.260 kr.

3. gr.

Sorphirðugjöld eru innheimt með fasteignagjöldum. Gjald dagar fasteignagjalda verða 7 talsins á mánaðar fresti, 15. hvers mánaðar. Í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí og ágúst, fyrsti gjalddagi 15. febrúar.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samin og samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar á fundi 14. desember með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi 1. janúar 2011.

*Hvalfjarðarsveit, 14. desember 2010.*

**Laufey Jóhannsdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2011